

LANDPÓSTURINN

4.tbl. 6.árg. október 1994 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

NÝ STJÓRN FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

Á aðalfundi Félags landfræðinga 23. mars 1994 var ný stjórn kjörin fyrir starfsárið 1994-95, og er hún þannig skipuð:

- **Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður** (hs. 28502, vs. 624100, fax 624165, tölvupóstfang halla@islag.is)
 - **Kristinn Einarsson, varaformaður** (hs. 681969, vs. 696042, fax 688896, tölvupóstfang ke@os.is)
 - **Guðrún Ólafsdóttir, ritari** (hs. 26269, vs. 694484, fax 694499, tölvupóstfang gudrunmo@raunvis.hi.is)
 - **Anna Dóra Sæþórsdóttir, gjaldkeri** (hs. 644161, vs. 694471, fax 694499)
 - **Rannveig Ólafsdóttir, meðstjórnandi** (hs. 673074)
-
- **Árni Þór Vésteinsson, endurskoðandi** (hs. 621398, vs. 610230)
 - **Tryggvi Jakobsson, endurskoðandi** (hs. 11104, vs. 28088)

HAUSTRABB FIMMTUDAG 3. NÓVEMBER

Nú er að nálgast útskrift nokkurra nýrra landfræðinga frá HÍ, og þótti stjórn félagsins ekki úr vegi að efla gómul kynni og skapa ný, m.a. af því tilefni. Því er hér með boðað til Haustrabbs landfræðinga fimmtudaginn 3. nóvember 1994 frá kl.18 á Fógetanum í Aðalstræti. Engin formleg dagskrá hefur verið skipulögð, við ætlum bara að hittast og ræða saman.

RITSTJÓRI ÓSKAST!

Eins og fram kemur í fundargerð aðalfundar hér á eftir, hefur hinn ötuli ritstjóri tímarits okkar, Landabréfs, nú beðist lausnar sökum annarra verkefna. Um leið og við þökkum Sigríði Haraldsdóttur vel unnin störf viljum við hér með auglýsa eftir félagsmönnum, sem gætu hugsað sér að vinna að ritstjórn næsta Landabréfs. Hafið samband við einhvern stjórnarmanna sem fyrst.

NÆSTA RÁÐSTEFNA

Stefnt er að eins dags ráðstefnu Félags landfræðinga um fyrstu helgina í febrúar (3. febrúar) 1995. Ekki er búið að fastsetja ráðstefnuefnið, en hugmyndir hafa komið fram um að tengja það ferðamennsku, umhverfi og skipulagi. Og auðvitað verður árs hátíð í kjölfarið...

AÐALFUNDUR 1994

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn 23. mars kl. 20.30. Á fundinum var að venju fremur fámennit en góðmennt og áttu ellefu félagsmenn saman einstaklega ánægjulegt og viðburðaríkt kvöld eins og sjá má af eftirfarandi fundargerð.

Í upphafi var Þorbjörg Kjartansdóttir beðin að taka að sér fundarstjórn og Sigríður Haraldsdóttir varð þess heiðurs aðnjótandi að taka að sér fundarritun.

Formaður Félags landfræðinga, Guðrún Halla Gunnarsdóttir, reið á vaðið og flutti skýrslu stjórnar um undangengið starfsár, en þessi skýrsla er birt í heild sinni hér á eftir, svo efni hennar verður ekki rakið hér.

Því næst lagði gjaldkeri félagsins, Anna Dóra Sæþórsdóttir, fram endurskoðaða ársreikninga félagsins. Gjaldkeri skýrði frá því að tap hefði orðið á rekstri félagsins sem stafar m.a. af mikilli útgáfu félagsins á síðasta starfsári. Nokkrar umræður urðu um reikninga en að þeim loknum voru þeir samþykktir.

Gengið var til kosninga og gaf Guðrún Halla Gunnarsdóttir áfram kost á sér sem formaður og hlaut hún til þess kosningu. Guðrún Ólafsdóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir gáfu einnig kost á áframhaldandi setu í stjórn. Emil Bóasson og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir gengu úr stjórn og voru þeim þökkuað störf sín í þágu félagsins. Rannveig Ólafsdóttir og Kristinn Einarsson gáfu kost á sér í stjórn og hlutu kosningu.

Lögð var fram tillaga um óbreytt félagsgjöld, þ.e. 2.000 kr. og var sú tillaga samþykkt. Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.

Loks voru borin upp ýmis önnur mál. Ritstjóri Landabréfsins, Sigríður Haraldsdóttir, flutti skýrslu um störf ritstjórnar og lagði áherslu á vinnutilhögum við undirbúning við síðasta tölublað Landabréfsins. Í máli hennar kom m.a. fram að þrátt fyrir að kostnaði við uppsetningu, frágang og prentun tímaritsins hafi verið haldið í lágmarki þá sé þetta töluverð upphæð fyrir svo lítið félag, eins og sjá má af ársreikningum. Ritstjóri lagði ennfremur áherslu á að skoða þyrfti ýmsa tekjumöguleika áður en næsta tölublað Landabréfsins kæmi út. Útgáfa Landabréfsins og kostnaður við hana olli nokkrum umræðum meðal fundarmanna en allir voru á eitt sáttir um það að nauðsynlegt væri að halda áfram útgáfu tímaritsins.

Sökum anna gaf Sigríður Haraldsdóttir ekki áframhaldandi kost á sér í ritstjórn og voru henni þökkuað unnin störf.

Að lokum las Anna Dóra Sæþórsdóttir upp bréf sem félaginu hafði borist frá Bretlandi. Í bréfinu var beðið um stuðning við mótmæli við Thorp stöðina í Sellafield. Samþykkt var að formaður skrifaði undir þessi mótmæli fyrir hönd félagsins.

Nú var lokið venjulegum aðalfundarstörfum og við tók samantekt Guðbjargar Gunnarsdóttur á helstu niðurstöðum á ráðstefnu Félags landfræðinga "Landafraði í

breyttum heimi - landfræðikennsla". Erindi Guðbjargar kom af stað töluverðum umræðum um landfræðikennslu og leiðir til úrbóta og var það samdóma álit viðstaddra að þessi samantekt Guðbjargar á ráðstefnunni hefði verið mjög til bóta.

Fundinum lauk með erindi Guðrúnar Ólafsdóttur um skrif erlendra ferðakvenna um Ísland á 19. öld, en þessi skrif eru mikið forðabúir af skemmilegum sögum sem gefa væntanlega nokkuð aðra mynd en skrif karla.

Fundi var slitið á tólfta tímanum og hugðust fundarmenn halda heim á leið eins og venja er á þessum tíma sólarhringsins. En bólið varð að bíða enn um sinn því í ljós kom að við höfðum verið læst inni á 2. hæð í Lögbergi. Enginn sími var í þessum hluta hússins, en við höfðum hins vegar aðgang að kaffistofu lögfræðinema og tveimur kennslustofum. Á kaffistofunni var fátt nýtilegt nema myndir af lögfræðingum en okkur hugkvæmdist ekki að nota þær á neinn hátt okkur til bjargar. Fljótlega varð okkur ljóst að gluggarnir voru okkar eina von. Fyrst lögðum við til atlögu við gluggana SA megin í húsinu en enginn þeirra opnaðist nógu mikið til þess að einhver okkar gæti með góðu móti skrðið út og auk þess voru þymirunnar beint fyrir neðan sem ekkert okkar hafði áhuga á að stökkva á. Nú voru góð ráð dýr og upphófust miklar umræður um hvað skyldi gera. Fyrst reyndum við að gera vart við okkur með því að blikka ljósunum í kennslustofunni í þeirri von að einhver ætti leið framhjá og áttaði sig á að þetta væru neyðarmerki. Ekki bar þetta nokkum árangur en skömmu síðar áttu tvær unglingsstúlkur leið framhjá og gátum við hrópað til þeirra og beðið þær að hringja á lögregluna. Þær lofuðu öllu fögru og héldu á brott. Leið nú nokkur stund áður en nokkuð gerðist. Þá tókum við enn að ókyrrast og reyndum við gluggana í hinni kennslustofunni. Okkur hugkvæmdist loks að lesa leiðbeiningar sem festar voru við gluggakarminn og gáfu til kynna hvernig hægt væri að opna gluggann betur. Það tókst en vandi okkar nú fólst í því að vera á annarri hæð og ekkert nema steinsteypa framundan. Þá steig einn karlmaður í hópnum (Tryggvi Jakobsson) fram og nánast fleygði sér út um gluggann og kom sem betur fer niður standandi. Við komum auga á langa og mikla reiðhjólagrind sem dregin var að húsinu með miklu brambolti og reist upp við vegginn og úr varð ágætur stigi með hallandi þrepum. Öll komumst við út að lokum, dokuðum dálitla stund og hlógum að öllu saman, en aldrei kom löggan.

Sigríður Haraldsdóttir

ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

Á aðalfundi félagsins 23. mars 1994 voru lagðir fram og samþykktir reikningar félagsins. Þeim fylgdi sú athugasemd gjaldkera, Önnu Dóru Sæþórsdóttur, að smávegis tap hefði orðið á rekstri félagsins, einkum vegna þeirrar útgáfustarfsemi sem það stóð fyrir. Þrátt fyrir það væri fjárhagsleg staða félagsins góð. Reikningunum fylgdi áritun endurskoðenda, þeirra Tryggva Jakobssonar og Árna Þórs Vésteinssonar, sem samþykktu þá án athugasemda.

REKSTRARREIKNINGUR 1. apríl 1993 - 20. mars 1994

TEKJUR

Félagsgjöld 1993-1994	120.000,00
Eldri félagsgjöld	22.000,00
Vextir af ávísanareikningi	329,49
Vextir af Gullbók	3.153,48
Vextir af Sparileið 1	2.454,92
Ráðstefna	19.000,00
Árshátíð	62.500,00

TEKJUR ALLS 229.428,89

GJÖLD

Burðargjöld	4.980,00
Gíróseðlar, pósthólf og fleira	6.720,00
Landabréfið	138.603,00
Ráðstefna	43.225,00
Árshátíð	58.034,00
Prentun á stefnuskrá um landfræðimenntun	19.500,00
Önnur gjöld	1.775,00

GJÖLD ALLS 272.837,00

HAGNAÐUR AF REKSTRI -43.408,11

EFNAHAGSREIKNINGUR 20. mars 1994

EIGNIR

Sparileið 1	57.306,27
Gullbók	63.419,64
Ávísanareikningur	30.653,75
Inneign hjá greiðslukortafyrirtækjum	9.000,00

EIGNIR ALLS 160.379,66

SKULDIR

Höfuðstóll 1993	203.787,77
Hagnaður af rekstri	-43.408,11

SKULDIR ALLS (Sjóður 20. mars 1994) 160.379,66

SKÝRSLA FORMANNS

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 1993/94

Ágætu félagar!

Áttunda starfsári félagsins er nú að ljúka.

Á síðasta aðalfundi áttu tveir að ganga úr stjórn auk formanns sem kosinn er á hverju ári. Guðrún Gísladóttir formaður gaf ekki lengur kost á sér og Inga Ingi-björg Guðmundsdóttir sem lengi hefur verið ritari vildi taka sér frí frá störfum fyrir félagið. Auk þeirra átti Guðrún Halla Gunnarsdóttir sem verið hafði gjaldkeri að ganga úr stjórn. Emil Bóasson og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir áttu eftir að sitja síðara ár kjörtímabils síns. Guðrún Halla Gunnarsdóttir var kosin formaður og nýjri í stjórn voru kosnir Anna Dóra Sæþórsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir. Stjórnin skipti síðan með sér verkum sem hér segir: Þorbjörg varaformaður, Guðrún ritari, Anna Dóra gjaldkeri og Emil meðstjóri og ábyrgðamaður fréttabréfs. Einar Bogi Sigurðsson gaf ekki kost á sér lengur sem endurskoðandi og var Tryggvi Jakobsson kosinn í hans stað auk Ána Þórs Vésteinssonar sem var endurkosinn.

Gerðar voru tvær breytingar á lögum félagsins á aðalfundi að frumkvæði stjórnar vegna þess að Landfræðifélagið hafði verið lagt niður. Um er að ræða niðurfellingu setningarhluta í 2. grein og 8. grein var felld alveg út. Árgjald var samþykkt óbreytt frá fyrra ári og fjárhagsstaða félagsins hafði vænkast nokkuð enda hafði það yfirtekið eignir Landfræðifélagsins.

Í lok síðasta aðalfundar hélt Anna Dóra Sæþórsdóttir erindi sem byggt var á M.S. ritgerð hennar um Erlenda hópferðamenn á Íslandi. Hún fjallaði um fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi, helstu vandamál tengd ferðapjónustunni s.s. stutt ferðamannatímabil og lélega dreifingu þeirra um landið og ástand ferðamannastaða og burðarþol þeirra. Erindið var bæði fróðlegt og skemmtilegt og urðu um það nokkrar umræður. Fundinn sóttu 14 manns af 110 skráðum félögum, en í dag eru skráðir félagar 116.

Stjórnarfundir voru 12 á starfsárinu auk smærri vinnufunda vegna ráðstefnu, árhátíðar og útgáfumála. Fréttabréfið Landpósturinn kom út 4 sinnum og hefur Emil Bóasson séð um frágang þess að vanda. Tímaritið Landabréfið (eitt tölublað) kom nú út eftir nokkurt hlé og voru þar birt erindi sem flutt voru á ráðstefnu félagsins í febrúar 1993, um breytingar á dreifingu byggðar á Íslandi. Sigríður Haraldsdóttir var ritstjóri tímaritsins en í ritnefnd sátu auk hennar: Emil Bóasson, Guðrún Gísladóttir, Guðrún Ólafsdóttir og Tryggvi Jakobsson. Stjórnin ákvað einnig að láta þýða og gefa út Alþjóðlega stefnuskrá um landfræðimenntun sem unnin var af nefnd Alþjóðalandfræðisambandsins. Guðrún Ólafsdóttir og Tryggvi Jakobsson sáu um að þetta verk væri unnið og fengu Karl Benediktsson til að þýða stefnuskrána. Námsgagnastofnun veitti honum nokkum styrk til þýðingarinnar (42.000.kr).

Félagið yfirtók aðild Landfræðifélagsins að Evrópusamstarfi landfræðikennara. Karl Benediktsson var síðasti fulltrúi þess félags til að taka þátt í því starfi og hefur okkur nú borist skýrsla þeirrar vinnu, sem nefnist Eurogeo 6 "Traffic and transport" 1993. Stjórnin hefur nú falið Önnu Dóru Sæþórsdóttur að rækta þessi tengsl.

Áttunda Náttúruverndarþing var haldið 29. og 30. október 1993. Félagið sótti um rétt til að tilnefna fulltrúa til setu á þinginu. Guðrún Halla Gunnarsdóttir formaður sat þingið fyrir hönd félagsins og var kjörin ritari þess. Jafnframt sat Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir þingið sem gestur. Meginviðfangsefni þingsins var stefna í náttúruvernd, sem lögð var fram af Náttúruverndarráði auk þess sem umhverfisráðherra boðaði ýmsar breytingar í náttúruverndarmálum og starfsemi ráðsins. Í framhaldi af samþykkt þingsins var svo haldin opin ráðstefna um stefnuna og frumvarp til laga um náttúruvernd, 19. febrúar 1994 og sat Guðrún Halla Gunnarsdóttir hana sem annar ráðstefnustjóra.

Önnur ráðstefna félagsins var haldin laugardaginn 26. febrúar 1994, (kl.09.00-17.15) á Hótel Lind við Rauðarárstíg í Reykjavík. Hún bar heitið "Landafræði í breyttum heimi - landfræðikennsla -". Ráðstefnustjórar voru Guðrún Halla Gunnarsdóttir og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir. Auk stjórnarinnar vann Tryggvi Jakobsson að undirbúningi ráðstefnunnar. Haldin voru 10 fróðleg og skemmtileg erindi og til þess fengið fólk sem starfar við kennslu á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi, við námsefnisgerð og fólk með hugmyndir um eða reynslu af skólaumhverfinu og landfræðikennslu í dag. Kunnum við öllum fyrirlesurum góðar þakkir fyrir þeirra framlag og jafnframt þeim skólamönnum sem þátt tóku í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar undir stjórn Guðrúnar Ólafsdóttur. Elín Pálmadóttir ritaði rammafrétt í Morgunblaðið 11. mars s.l. þar sem fjallað var um erindi Tryggva Jakobssonar um könnun á landfræðipækkingu 14 ára skólabarna sem gerð var í 25 löndum. Þar lentu íslensk börn í 17. sæti og reyndist þekkingin minnst í eðlisrænni landafræði og almennri kunnáttu t.d. um mæliskvarða á kortum, tímabelti og hæðarlínur. Einnig var lagt út af þessum niðurstöðum í leiðara Morgunblaðs og DV og rætt við Tryggva á Rás 1.

Fyrirlesarar og ráðstefnugestir voru sammála um að landafræðinni væri ekki gert nægilega hátt undir höfði í íslenska skólakerfinu, hvorki á grunnskóla- né framhaldsskólastigi. Í lok ráðstefnunnar var samþykkt eftirfarandi ályktun, sem stjórn félagsins var falið að senda menntamálaráðherra og fjölmiðlum og fylgja eftir að öðru leyti:

"Ráðstefna Félags landfræðinga Landafræði í breyttum heimi- landfræðikennsla haldin 26. febrúar 1994 beinir þeim eindregnu tilmælum til yfirvalda menntamála á Íslandi að við endurskoðun á námsgögnum fyrir framhaldsskóla verði lögð mun ríkari áhersla á kennslu í landafræði en verið hefur og að landafræði verði færð í kjarna í námsefni framhaldsskóla.

Í niðurstöðum nýlegrar samnburðarránnsóknar InterGeo 2 á þekkingu Íslendinga og annarra þjóða á landafræði kemur í ljós að þekking Íslendinga er talsvert undir meðaltali 25 þjóða. Íslendingar eru í 17. sæti. Þetta veldur miklum áhyggjum og bendir til þess að þekking Íslendinga á sfbreytilegum heimi sé í hættu.

Í heimi þar sem viðskipti þjóða aukast árlega og samskipti eru sívaxandi er þekking á högum og háttum annarra þjóða mikilvæg. Vegna þessa verður að auka og bæta þekkingu Íslendinga á landafræði bæði í grunn- og framhaldsskólum. Til að ná þessum markmiðum þarf að auka kennslu í landafræði í grunnskólum og gera hana að skyldunámsgrein á framhaldsskólastigi."

Aðsókn á ráðstefnuna var því miður mjög dræm, en þar voru 39 manns með fyrir-

lesurum og stjórn (verð 1.000 kr). Ekki er gott að segja hvort það var efni ráðstefnunnar sem ekki höfðaði til fjöldans eða tíminn sem ekki hentaði, en stjómin vonast þó til að þetta hafi ekki verið merki um að ráðstefnuhald á vegum félagsins sé hér með liðið undir lok.

Þriðja árhátíð félagsins var haldin á Hótel Lind laugardagskvöldið 26. febrúar og mættu þar 25 manns (verð 2.500kr). Veislustjóri var Emil Bóasson og fórst honum það vel úr hendi. Matur var mjög góður og allir skemmtu sér konunglega.

Eins og landfræðingum er kunnugt hefur að undanfömu verið unnið að Náttúrufræðingatall og stefnt er að útgáfu fyrsta bindis innan árs. Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir hefur verið fulltrúi félagsins í ritnefnd. Í nokkur ár hefur verið rætt um að félagið gæti hugsanlega staðið fyrir ferð til Kína. Emil Bóasson sem hefur góð sambönd þar austur frá hefur óskað eftir að heyra frá áhugasömum félögum um þetta mál, þar sem skipulagning tekur langan tíma og svona ferð getur verið kostnaðarsöm. Ekki hefur enn orðið mikið um undirtektir.

Að lokum vil ég þakka stjórninni og öðrum félagsmönnum samstarfið á árinu og bendi á að nýjar hugmyndir um starfsemi og hlutverk félagsins eru alltaf vel þegnar, (s.s. myndun undirhópa í einstökum greinum t.d. kennslu; kynningarkvöld fyrir nýútskrifaða landfræðinga, fyrirlestrar um lokaverkefni úr framhaldsnámi o.s.frv.)

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður
23. mars 1994

Guðrún Ólafsdóttir:

IDA PFEIFFER OG STALLSYSTUR HENNAR

Skrif erlendra ferðakvenna um Íslenskt Þjóðlíf

Ferðabækur hafa löngum heillað mig. Lengi vel beindist áhugi minn að bókum eftir fræga landkönnuði og ævintýramenn. Síðar fór ég að leggja meira upp úr stíl og ritsnild og loks vaknaði áhugi minn á ferðabókum kvenna einkum frá fyrri öldum. Það var tvennt til að vekja áhuga minn á ferðabókum kvenna. Í fyrsta lagi fóru að berast á markaðinn endurútgáfur af löngu uppseldum ferðabókum eftir konur frá ýmsum tímum og í öðru lagi fóru að birtast fræðilegar rannsóknir á slíkum bókum. Hvað útgáfumar snerti voru að verki kvennaforlög fyrst og fremst en einnig almenn forlög því að gamlar ferðabækur, hvort heldur er eftir konur eða karlmenn eru mikið forðabúr af skemmtilegu lesefni og seljast vel. Hvað rannsóknir snerti þá er í gangi gagnrýnin endurskoðun og endurnat á ferðabókum og ferðabókahöfundum, jafnt karl- sem kvenhöfundum út frá sjónarmiði kvenna. En það sem gerði útslagið um að ég fór að sinna ferðabókum kvenna öðru vísi en sem skemmtilestri var að ég rakst hvað eftir annað ónot í garð Idu Pfeiffer vegna þess hvernig hún hafði lýst Íslendingum á síðastliðinni öld. Hún var einskona Blefken 19. aldar. Þorvaldur Thoroddsen

(1904) afgreiðir Íslandslýsingu Idu á eftirfarandi hátt í Landfræðisögu Íslands IV. bindi bls. 107:

Nú varð hlé á ferðabókum um stund, en svo kom þýzk kona, sem vilda hafði farið um lönd, til Íslands 1845, hún hét Ida Pfeiffer. Hún ferðaðist vanalegar leiðir til Heklu og Sturtshellis og er bók hennar mjög illorð og léleg og lýsir ónuglyndi og vondu skapi. Frú Pfeiffer var eins síns liðs, kunní ekkert í málinu og gat illa gert sig skiljanlega; henni þykir aldrei tekið nóg tillit til sín og er mjög reið yfir því, að embættismenn í Reykjavík ekki buðu henni í heimboð hjá sér. Hún segir, að Íslendingar séu ógestrisnir, óráðvandar, ágjarnir og óþrifnari en nokkrir skrælingjar. Þeir séu þess utan svo ógurlega latir, að þeir vilji ekkert vinna, vilji heldur þola hungur og allskonar óþægindi og óþrifnað, en reyna nokkuð á sig. Í vísindum fræðir hún lesendur sína meðal annars á því að Íslandi muni líklega hafa skotið upp úr sjó um leið og Vesuv gaus árið 79 e. Kr., þegar Herculenum og Pompeji eyddust (!).

Bandaríski félagsfræðingurinn Richard Tomasson var enn harðorðari í bók sinni *Iceland. The First New Society* frá 1980, bls. 20-21, þýð. mín).

Ólíkt flestum ferðamönnum á 19. öldinni hafði hún lítinn áhuga á sögunum, sagnfræði eða jarðfræði; hún safnaði plöntum, fjðrildum og skordýrum. ... Hún var hrokafull og gagnrýnin. Henni geðjaðist ekki að Íslendingum og þeim geðjaðist aug-sýnilega ekki að henni. Hún á heiðurinn af því að hafa skrifað fjandsamlegustu bókina um landið á öldinni og ferðamaður sem kom nokkru síðar kallar bók Idu Pfeiffer "a snarling, ill-tempered journal" (illyrta og geðvonskulega frásögn).

Ég fór að velta því fyrir mér hvort lýsingar Idu Pfeiffer væru raunverulega svona neikvæðar, eða, hvort það kynni að vera eitthvað í stíl hennar sem gerði karlmönnum gramt í geði. Það vakti líka athygli mína að Þorvaldur skrifar að hún hafi komið eins síns liðs og það vakti spurninguna um hvort ferðakonur hefðu komið einar síns liðs á undan henni og hvort margar hefðu komið síðar á öldinni og skrifað um ferðir sínar. Og þá lá beint við að spyrja hvort þær lýstu íslensku samfélagi á annan hátt en karlkyns höfundar; hvort þær hefðu t.d. eitthvað annað og meira að segja um íslenskar konur og stöðu þeirra; hvort þær ættu eitthvað sameiginlegt sem ekki væri að finna í ferðabókum karlmanna.

Stafar t.a.m. hin sterka og afdráttarlausa fordæming Idu á sóðaskap Íslendinga af því að konur taka meira eftir og eru viðkvæmari fyrir sóðaskap en karlmennirnir? Og hvernig brugðust Íslendingar við þessum konum sem sóttu þá heim? Hvernig var það fyrir konur að ferðast um á Íslandi á 19. öld? Í ferðahandbók frá byrjun 20. aldar hafði ég rekist á þessa athyglisverðu setningu "Travelling in Iceland is not for ladies."

Þetta er í hnotskum rannsóknarverkefni þ.

Ferðabækurnar og ferðabókakafnamir sem mér hefur tekist að finna eru innan við tuginn (sjá lista í lok þessa útdráttar) svo að efniviðurinn er ekki mikill að vöxtum en úrlausnarefnið er seinlegt og flókið. Það þarf að gera grein fyrir þeim sem einstaklingum og þeim menningarlega jarðvegi sem þær eru sprottnar af; bera saman viðbrögð þeirra við Íslendingum og Ísland og viðbrögð Íslendinga við þeim; bera

lýsingar þeirra saman við lýsingar karlmanna og huga að hugsanlegum breytingum á aðstæðum og ferðalögum hér á landi á tímabilinu sem um ræðir, þ. e. frá 1845 þegar Ida Pfeiffer steig fæti á íslenska grund til aldamóta.

Ida Pfeiffer

Ida Pfeiffer er fyrsta ferðakonan í merkingunni túristi sem sögur fara af sem kom til Íslands og bók hennar elst og víðlesnust. Hún heitir *Reise nach dem skandinavischen Norden und der Insel Island im Jahre 1845* og kom út í tveimur bindum í Pesth 1846. Í enskri þýðingu kom hún út í New York og London undir nafninu *Visit to Iceland and the Scandinavian North 1852 & 1853*. Bókin var endurútgefin í Austurríki 1991 í bókaflóknum *Frauenfahrten*. Meira en helmingur bókarinnar fjallar um Ísland. Hitt er um upphaf ferðarinnar og Kaupmannahöfn og ferðir um Noreg og Svíþjóð. Hlutinn sem fjallar um Ísland kom út í þýðingu Jón Helgasonar, ritstjóra, í títmaritinu Skuggsjá um 1945 undir heitinu *Íslandsferð fyrir hundrað árum*. Ennfremur birtist kafli úr henni í þýðingu Guðbrands Jónssonar í bókinni *Glögg er gests augað*. *Úrval ferðasagna um Ísland*. (Sigurður Grímsson, ritstj. 1946).

Það er til marks um stöðu Idu sem ferðakonu að árið 1989 kom út doktorsritgerð um hana: *Ida Pfeiffer. Weltreisende im 19. Jahrhundert*, eftir Hiltgund Jehle og þó var hún "venjuleg húsmóðir", en samt engin venjuleg kona. Þetta vissi Þorvaldur Thoroddsen þótt hann væri lítið hrifinn af lýsingum hennar á Íslendingum og þætti lítið til kunnáttu hennar í náttúrufræðum koma.

Ida Pfeiffer var nafnfræg ferðakona (f. 1797, d. 1858), hún ferðaðist um víða veröld og kom í mörg villilönd, hún hafði karlmannshug og karlmannsdug í mesta lagi, en vantaði alveg vísdalega menningu. - (Landfræðisaga Íslands 1904, 107, n.m.)

Ida Pfeiffer var dóttir efnaðs kaupmanns í Vínarborg og varð að lúta örlögum evrópskra borgaradætra þeirra tíma og giftast og ala önn fyrir eiginmanni og börnum. Eiginmaðurinn sem var efnaður lögfræðingur, meira en 20 árum eldri en hún, missti eigur sínar og Ida átti um hríð erfiða ævi en tókst með harðfylgi að koma í veg fyrir að fjölskyldan kæmist á vonar vól. Þegar hún var orðin 45 ára gömul fannst henni hún vera búin að gegna borgaralegum skyldum sínum sem eiginkona og móðir. Henni hafði með dugnaði og þrautseigju og ofurlitlum arfi eftir móður sína tekist að mennta syni og tryggja framtíð þeirra og hjónabandið var orðið nafnið tómt - eiginmaðurinn farinn að búa hjá dóttur sinni af fyrra hjónabandi.

Gamall draumur um að sjá heiminn hafði blundað með henni frá því á unglingsárum þegar hún drakk í sig ferðasögur og lýsingar frá fjarlægum slóðum og varð nú ómótstæðilegur. Þessi hálf fimmtuga matróna, lagði af stað eins síns liðs til Landsins helga. En takmarkanir á frelsi kvenna voru slíkar á þeim tíma að hún varð að halda raunverulegum ferðaáætlunum sínum leyndum. Fjölskylda og vinir vissu ekki annað en að hún væri að fara að heimsækja vinkonu sína í Konstantínópel. Þegar heim kom eftir ævintýralegt ferðalag um Palestínu, Sýrland og fleiri Miðjarðarhafslönd komst dagbók hennar í hendur útgefanda, sem vildi óður og uppægur gefa hana út. Hún seldist vel og Idu áskotnaðist nokkurt fé svo að hún gat látið annan draum

rætast, nefninlega að fara til Norðurlanda, einkum þó Íslands. Hún kom heim til Vínar úr Norðurlandaförinni 4. okt. 1845. Fyrsta maí 1946 sigldi hún, hugdjörf en peningalítill, af stað með seglskútu áleiðis til Brasilíu og sagði engum frá því að nú ætlaði hún hringinn í kring um jörðina. Henni þótti sem nú væru henni allar leiðir færar úr því hún hefði komist klakklaust frá ferð um Sýrland og þá ekki síður um Ísland. Tveimur og hálfu ári síðar kom hún heim úr hnattreisunni heil og höldnu.

Ída var ekki fyrr komin heim úr fyrstu heimsreiðu sinni fyrr en hún fór að undirbúa þá næstu sem stóð frá 1851 til 1855. Síðasta og erfiðasta ferð hennar var til Madagaskar. Þar flæktist hún inn í nýlendupólitík Frakka, lenti í óvistlegu og heiluspillandi fangelsi hjá Ranavolu drottningu, veiktist hastarlega og komst við illan leik til Mauritius og þaðan til Evrópu, farin að heilsu og dó nokkrum mánuðum síðar.

Ída telst vera fyrsti kvenkyns atvinnuferðalangurinn. Frá 1842 til dauðadags 1858 var hún á stöðugu ferðalagi og sá fyrir sér með útgáfu ferðabóka. Hún hefur verið kölluð hippa túristi af því að hún fór allra sinna ferða ein, hagaði seglum eftir vindi, ferðaðist alltaf á ódýrasta máta enda voru auraráðin lítil. Þótt gufuskjip væru þá farin að plægja öll heimsins há sigldi Ída Pfeiffer yfirleitt með seglskútum, sem var hægfara og óþægilegur ferðamáti enda var yfirleitt ekki gert ráð fyrir farþegum lengur. Hún er meðal víðförlustu ferðalanga á 19. öldinni og hún skipar sérstakan sess meðal þeirra mörgu hugrökku, en lítt þekktu, kvenna sem þá lögðust í ferðalög..P

Íslandslýsing Idu

Í inngangi að þýðingu Jóns Helgasonar (1945) segir hann eftirfarandi:

Árið 1845 ferðaðist hingað til lands þýzk kona, Ída Pfeiffer að nafni. Ritaði hún bók um dvöl sína hér á landi og ferðalög um Noreg og Svíþjóð, en um þau lönd fór hún í heimleiðinni. Bera frásagnir frúarinnar vott um allríka athyglisgáfu, og er ýmsan fróðleik í þeim að finna um siði, lifnaðarhætti og menningu þjóðarinnar á þeim tíma. Hins vegar þarf naumast að taka það fram, að ekki hefur henni, fremur en flestum öðrum erlendum ferðamönnum, tekizt að sneyða hjá öllum missögnum og rangfærslum varðandi land og þjóð. -

Vist er um það að bók Idu er skemmtileg aflestrar þó að það sé rétt hjá Þorvaldi og Thomasson að hún er afdráttarlaus í dómum sínum og óvægín. En lýsingar hennar eiga það sameiginlegt með ferðalýsingum annarra kvenna; 1) þær eru persónulegar, 2) þær eru líflegar og glaðklakalegar og 3) höf. eru reiðubúinar til að gera grín og hlæja að sjálfum sér. Þorvaldur fann ekki neinar bitastæðar lýsingar á umhverfi eða náttúru í bók hennar fremur annarra kvenna. En hún bregður upp mörgum lifandi myndum af fólki, háttum þess og aðstæðum og hjá henni getum við fræðst um hvernig það var fyrir konu að ferðast um Ísland fyrir 150 árum.

En óþægindin og erfiðleikarnir sem fylgdu ferðalögnum hér á landi voru miklu meiri en þeir sem hún mætti í Austurlöndum. Fyrst og fremst var það veðráttan sem hreldi hana þó að hún hafi verið tiltölulega heppin með veðrið. Hún hefur það eftir Íslendingum að veðrið hafi verið óvenju þunt og hlýtt.

Hin síðu fót sem ég var í urðu mér líka til mikils trafala. Það var nauðsynlegt fyrir mig að vera hlýlega búin, en þegar fótin vöknudu, urðu þau svo þung, að ég var stundum alveg ósjálbjarga, er ég þurfti að komast á bak eða af baki reiðskjóta mín-um. En verst af öllu var þó að verða að æja í dynjandi rigningu á graslendi, þar sem hin síðu pils urðu forblaut af jörðunni. Og stundum var ekki þurr þráður á mér. (Þýð. Jóns Helgasonar 1945, bls. 35-36).

En hún átti líka í erfiðleikum í sambandi við gistingu og mataræði, drykkfellða og hyskna leiðsögumenn og það er auðséð af lýsingum hennar að sæmilega þægileg ferðalög um Ísland á þeim tímum voru aðeins á færi þeirra auðugu sem gátu komið með obbann af matföngunum sem þurftu og góðan viðlegubúnað. Hjá henni var pyngjan létt enda hafði hún fengið alveg nóg af Íslandi þegar hún loks fékk far til Kaupmannahafnar með heldur aumum dalli 29. júlí.

-when I had to bid farewell to Iceland. This was comparatively easy. Although I had seen many wonderful views, many new and interesting natural phenomena, I yet longed for my accustomed fields, in which we do not find magnificent and overpowering scenes, but lovelier and more cheerful ones. The separation from Herr Knudson and the family of Bernhöft was more difficult.. (Eftir ensku þýðingunni frá 1853, bls. 182).

Knudtzon kaupmaður hafði reynt Idu hið besta allan tíman, m.a. útvegað henni gistingu hjá Bernhöftshjónunum sem hún ber afar vel söguna þótt henni hafi ekki líkað fæðið og matseldin - en kaffið var afbragð og alveg á Vínarstandard eins og allsstaðar á Íslandi.

Það þykir mér merkilegast við Idu Pfeiffer að þrátt fyrir allar hennar ferðir um heiminn og öll ævintýrin sem hún ratar í þá virðast viðhorf hennar alltaf vera mið-stéttarhúsmóðurinnar frá Vínarborg.

Listi yfir ferðabækur um Ísland á 19. öld eftir konur:

[Arnesen-Kall,] Benedicte [MartINETTE] 1869: *Smaaskizzer fra en Islandsrejse Sommeren 1867*. Første Deel fra Opreisen; Anden Deel fra Nedrejsen. Kaupmannahöfn, Universitetsboghandler Andr. Fred. Host. 258 & 243.

Fonblanque, Constance A. Forrester de 1880: *Five weeks in Iceland*. London, Richard Bentley & Sons, 180.

Harley, Ethel B. sjá Tweedie, Alec Mrs.

Leith, Disney, Mrs. 1897: *Three Visits to Iceland*. Being notes taken at sea and on land; comprising a pilgrimage to Skalholt, and visits to Eysir and the Njala district. London. J. Masters & Co, 218.

Oswald, Elizabeth, J. 1882: *By Fell and Fjord or Scenes and Studies in Iceland*. Edinburgh & London, William Blackwood & Sons, 282.

Pfeiffer, Ida 1846: *Reise nach dem skandinavischen Norden und der Insel Island im Jahre 1845*. 2 bindi. Pesth.

Tweedie, Alec Mrs. (Harley, Ethel B.) 1889: *A Girl's Ride in Iceland*. London & Sydney, Griffith, Farran, Okeden & Welsh., VIII+166.

ÁRGJALD 1994

Meðfylgjandi er gíróseðill vegna árgjalds félagsins 1994, en því hefur verið haldið óbreyttu frá fyrra ári. Vinsamlegast greiðið sem fyrst, þannig að stjómin verði hugmeiri en ella í útgáfu- og ráðstefnumálum! Þess skal getið að nokkrir félagar, sem ekki hafa greitt gjöld sín í a.m.k. tvö ár, hafa nú verið teknir út af félagsskránni.
